

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 2/2019-2020

Kærandi: Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans

Kærðir: Sigurður Már Jónsson blaðamaður og Gísli Freyr Valdórsson, ábyrgðarmaður Þjóðmála

Kærufni: Umfjöllun um vefmiðilinn Kjarnann í tímaritinu Þjóðmál vor 2019

Málsmeðferð

Kæran barst framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands með tölvupósti 6. maí sem framsendi hana á siðanefnd ásamt viðhengjum, þ.e. bréfi kæranda, kærðri grein í Þjóðmálum og skjáskoti af blogg pistli kærða 29. apríl. Siðanefnd tók málið fyrir á fundi sínum 23. maí og tók þar neðangreinda ákvörðun sína. Jóhannes Tómasson varamaður í Siðanefnd, tók þátt í umfjöllun málsins þar sem nýr fulltrúi siðfræðistofnunar HÍ hafði ekki verið tilnefndur.

Málavextir

Kærandi ritaði siðanefnd ítarlegt bréf þar sem hann tiltekur fjölmörg atriði sem hann telur ranglega farið með í téðri grein kærða í Þjóðmálum. Þar kemur m.a. fram að í tölvupóstssamskiptum kæranda og ritstjóra Þjóðmála hafi hann „ekki sýnt vilja til að leiðrétta þær skýru staðreyndavillur og annars konar rangfærslur sem era ð finna í fréttaskýringunni né beiðnum um að biðja að fólk sem gerðar eru upp skoðanir og hvatir í fréttaskýringunni afsökunar.“

Umfjöllun

Siðanefnd leit til þess hvort siðareglur Blaðamannafélags Íslands næðu til hinna kærðu skrifa, þ.e. hvort þau falla undir síðasta málslið 5. greinar siðareglanna eða hvort um fréttæfni eða fréttaskýringu væri að ræða. Umræddur málsliður siðareglanna er svofelldur: „Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrími.“ Siðanefnd lítur svo á að umrædd skrif teljist falla undir tilvitnaða grein og séu því utan verksviðs nefndarinnar og verði því ekki tekin til efnislegrar meðferðar. Í efnisyfirliti Þjóðmála er greinin kynnt sem umfjöllun en ekki fréttaskýring eða fréttæfni enda þótt höfundur greinarinnar, hinn kærði, noti það orð í umfjöllun sinni á bloggi sínu, sigurdurmar.blog.is. Telur siðanefnd umrædda umfjöllun fremur bera persónulegan keim með framsetningu höfundar á skoðunum sínum á miðlinum fremur en rökstudda greiningu eða fréttaskýringu.


Meirihluti siðanefndar vísar frá kæru Þórðar Snæs Júlíussonar á hendur þeim Sigurði Má Jónssyni og Gísla Frey Valdórssyni. Friðrik Þór Guðmundsson er ósammála meirihlutanum um frávísun málsins og

telur að lýsingu hins kærða sjálfs á skrifum sínum í þjóðmálum sem „fréttaskýringu“ beri að virða og því ætti að taka kæruna til efnislegrar meðferðar og óska eftir andsvörum hins kærða.

Úrskurður

Máli 2/2019-2020 er vísað frá með atkvæðum fjögurra fulltrúa í siðanefnd gegn einu.


Reykjavík 28. maí 2019




Ásgeir Þór Árnason




Hjörtur Gíslason



Björn Vignir Sigurpálsson



Friðrik Þór Guðmundsson – með fyrirvara



Jóhannes Tómasson